



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Akureyri XXXX 2019

Þjóðskjalasafn Íslands
Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður
Laugavegi 162
105 Reykjavík

Efni: Úrbótaáætlun Héraðsskjalasafnsins á Akureyri

Í desember 2018 fengu rekstraraðilar Héraðsskjalasafnsins á Akureyri (HérAk) sendar tvær skýrslur frá Þjóðskjalasafni Íslands (ÞÍ). Annars vegar var það **Skýrsla um starfsemi Héraðsskjalasafnsins á Akureyri. Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands á starfsemi héraðsskjalasafna 2017** og hins vegar **Starfsemi héraðsskjalasafna. Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands 2017**. Skýrslurnar byggja á rafrænni eftirlitskönnun ÞÍ sem gerð var í mars og apríl árið 2017 og miðast svörin við stöðu HérAk í árslok 2016.

Í formála þjóðskjalavarðar í heildarskýrslunni kemur fram að könnunin byggir á þeirri eftirlitsskyldu ÞÍ gagnvart héraðsskjalasöfnum sem tilgreind er í lögum 77/2014 um opinber skjalasöfn og með könnuninni sé ÞÍ að uppfylla þá skyldu. Það er skoðun HérAk að með könnuninni og skýrslunum sé farið út fyrir fyrirmæli laga og reglugerðar um starfsemi héraðsskjalasafna og gefið í skyn að þau séu að bregðast skyldum, sem ekki eru á þeirra ábyrgð. Þess má líka spyrja hvort ekki hefði verið eðlilegra að bíða með könnun sem þessa uns reglugerð sem byggir á lögum 77/2014 hefði litið dagsins ljós. Væntanlega kemur ný reglugerð til með að tilgreina nákvæmar, en gert er í lögnum, hverjar skyldur og verkefni héraðsskjalasafna eru. Núgildandi reglugerð er frá 1994 og byggir á eldri lögum (lög nr. 66/1985) og er talsverður munur þar á.

Í fyrsta kafla skýrslunnar um starfsemi HérAk eru meginniðurstöður settar fram í 16. liðum. Í liðum 1-7 eru talin atriði sem eru í lagi í starfsemi safnsins og í liðum 8-16 eru talin atriði sem að mati ÞÍ er ábótavant í starfseminni.

Í umburðarbréfi sem fylgdi skýrslunum er óskað eftir að rekstraraðilar hvers héraðsskjalasafns bregðist við athugasemdum um starfsemina og sendi ÞÍ fyrir 31. október 2019 áætlun um hvernig staðið verði að úrbótum. Þótt efast megi um að ÞÍ geti farið fram á slíka áætlun er umbeðin úrbótaáætlun meðfylgjandi.

Virðingarfyllst,

f.h. Héraðsskjalasafnsins á Akureyri

f.h. Akureyrarstofu

Lára Ágústa Ólafsdóttir

Þórgnýr Dýrfjörð, deildarstjóri Akureyrarstofu

Úrbótaáætlun Héraðsskjalasafnins á Akureyri

Hvernig ætlar starfsfólks og rekstraraðilar Héraðsskjalasafnins á Akureyri (HérAk) að bregðast við athugasemdum Þjóðskjalasafns Íslands varðandi starfsemi safnsins sbr. liðir 8 – 16 í 1. kafla **Skýrslu um starfsemi Héraðsskjalasafnsins á Akureyri. Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands á starfsemi héraðsskjalasafna 2017?**

Athugasemdirnar eru tölusettar eins og þær eru í skýrslunni.

8. Héraðsskjalasafnið á Akureyri vinnur ekki að því að gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningi, s.s. á vef eða með öðrum hætti, sbr. 20. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Þegar könnunin var gerð hafði HérAk ekki hafið birtingu ljósmynda af skjölum á heimasíðu safnsins. Undirbúningur var í gangi og síðar árið 2017 var birting hafin. Um sumarið 2019 voru rúmlega 27800 myndir aðgengilegar á vefnum. Umbætur hafa því þegar orðið.

9. Héraðsskjalasafnið á Akureyri gengst ekki fyrir rannsóknum sem tengjast safnkosti sbr. 5. tölul. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Í skýrslunni er miðað við að rannsókn feli í sér afmarkað viðfangsefni, sem tengist safnkosti skjalasafna og feli í sér gagnrýna umfjöllun, greiningu og úrvinnslu fræðilegra heimilda.

Heilmiklar rannsóknir eru gerðar á Héraðsskjalasafninu á Akureyri í tengslum við svörun fyrirspurna, undirbúning sýninga og við gerð fróðleikspistla sem birtir eru á heimasíðu safnsins og á samfélagsmiðlum. Allt eru þetta vel afmörkuð viðfangsefni hverju sinni, þau skoðuð og greind með gagnrýnum hætti og úrvinnsla þeirra sömuleiðis.

Aðstæður á safninu leyfa ekki umfangsmeiri rannsóknir, með skýrslugerð og bókaútgáfu o.þ.h. Á meðan aðstæður á safninu breytast ekki verulega verður ekki lögð áhersla á sértækari og umfangsmiklar rannsóknir en verið hefur. Aðstoð við gesti, afgreiðsla fyrirspurna, skráning safnkosts, leiðbeiningar og aðstoð við skjalamyndara og eftirlit með þeim hefur forgang.

10. Héraðsskjalasafnið á Akureyri samþykkir málalykla skv. reglum nr. 572/2015 um málalykla afhendingarskyldra aðila. Málalykill sem sendur var sem fylgiskjal með könnunni og safnið hefur samþykkt uppfyllir ekki reglur nr. 572/2015.

Starfsfólk Héraðsskjalasafnins hefur nú þegar bætt verklagið við yfirferð málalykla og telur að úr þessu hafi þegar verið bætt.

Mjög margir afhendingarskyldir aðilar á safnsvæðinu hafa ekki samþykkt málalykla.

Í gegnum árin hafa skjalamyndarar verið minntir á skyldu þeirra til þess að hafa samþykkt málalykla og að raða málafni eftir málalykli. Áfram verður unnið á þeirri braut og eftir sem áður verður þeim boðin aðstoð og leiðbeiningar til þess að fullgera málalykla og að bæta vinnulagið við málafnið svo það sé í samræmi við reglur.

11. Héraðsskjalasafnið á Akureyri hefur samþykkt skjalavistunaráætlanir skv. reglum nr. 571/2015 um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila. Skjalavistunaráætlun sem var send sem fylgiskjal með könnuninni og safnið hefur samþykkt uppfyllir ekki reglur nr. 571/2015.

Starfsfólk Héraðsskjalasafnins hefur nú þegar bætt verklagið við yfirferð skjalavistunar-áætlana og telur að úr þessu hafi þegar verið verulega bætt. Unnið er að endurgerð eyðublaðs fyrir

skjalavistunaráætlanir, sem tekur fyllilega mið af 2. gr. reglna nr. 571/2015 um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila.

Mjög margir afhendingarskyldir aðilar á safnsvæðinu hafa ekki samþykktar skjalavistunar-áætlanir. Í gegnum árin hafa skjalamyndarar verið minntir á skyldu þeirra til þess að hafa samþykktar skjalavistunaráætlun. Áfram verður unnið á þeirri braut og þeir minntir á þessa skyldu og boðin aðstoð og leiðbeiningar til þess að fullgera skjalavistunaráætlanir sínar.

12. Héraðsskjalasafnið á Akureyri hefur ekki tekið við tilkynningum um rafræna gagnagrunna og skrár skv. reglum nr. 625/2010 um tilkynningu á rafrænum gagnagrunnum og skráum afhendingarskyldra aðila.

Hér er ekki við HérAk að sakast enda kemur skýrt fram í 3. grein reglna nr 625/2010 að það er afhendingaraðila að tilkynna um notkun rafrænna skráa og gagnagrunna. Afhendingar-aðilum hefur verið bent á það eftir því sem tilefni hefur verið til og svo mun verða áfram.

13. Héraðsskjalasafnið á Akureyri hefur ekki tekið við tilkynningum um rafræn skjalavörslukerfi skv. reglum nr. 624/2010 um tilkynningu og samþykkt á rafrænum skjalavörslukerfum afhendingarskyldra aðila.

Í umræddum reglum kemur það skýrt fram að það er afhendingaraðilans að tilkynna um rafræn skjalavörslukerfi. Það er því ekki við HérAk að sakast.

Í gegnum árin hefur afhendingaraðilum verið bent á skyldu þeirra til þess að tilkynna rafræn skjalavörslukerfi og fá fyrir þeim samþykki. Svo mun verða gert áfram.

14. Héraðsskjalasafnið á Akureyri hefur ekki samþykkt rafræn skjalavörslukerfi afhendingarskyldra aðila skv. reglum nr. 624/2010 um tilkynningu og samþykkt á rafrænum skjalavörslukerfum afhendingarskyldra aðila.

Hér er ekki við HérAk að sakast þar sem ekki er hægt að samþykkja eitthvað sem ekki hefur borist.

Í gegnum árin hefur afhendingaraðilum verið bent á skyldu þeirra til þess að tilkynna rafræn skjalavörslukerfi og fá fyrir þeim samþykki. Svo mun verða gert áfram.

15. Héraðsskjalasafnið á Akureyri hefur ekki tryggt varðveislu rafrænna gagna skv. reglum nr. 100/2014 um afhendingu á vörsluútgáfum rafrænna gagna afhendingarskyldra aðila.

Rafræn varðveisla hefur verið til skoðunar á HérAk og héraðsskjalavörður hefur sótt námskeið sem hafa verið í boði um rafræna skjalavörslu. Einnig hafa héraðsskjalasöfnin á Norðurlandi verið að skoða hvaða grundvöllur sé til samstarfs á þessu sviði, t.d. með sameiginlegu móttökuverkstæði. Aðrar hugsanlegar leiðir er að HérAk komi sér sjálft upp móttökuverkstæði eða að semja við þá um móttöku á rafrænum skjölum við hönd HérAk. Á þessari stundu eru tímasettar áætlanir um úrbætur ekki tímabærar.

16. Héraðsskjalasafnið á Akureyri stundar ekki eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila sbr. 4. tölul. 13. gr. laga nr.77/2014 um opinber skjalasöfn.

Það skal viðurkennt að þessum lið hefur ekki verið sinnt sem skyldi enda hafa aðstæður ekki boðið upp á annað.

Um langt skeið hefur legið fyrir að æskilegt væri að auka við mannafla HérAk og óskir þar um verið lagðar fram við fjárhagsáætlunargerð og hefur stjórn Akureyrarstofu, sem jafnframt er stjórn safnsins, sýnt þeim málaleitunum skilning. Vonir stóðu til þess að úr yrði bætt frá og með miðju yfirstandandi ári en vegna mikilla aðhalds í vinnu við fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2021 er útlit fyrir að enn verði frestun á.

Tvær leiðir til úrbóta eru fyrirhugaðar og í skoðun. Annars vegar að gera rafræna spurningakannanir meðal skjalamyndara. Ein slík er fyrirhuguð á fyrsta ársfjórðungi ársins 2020 og síðan reglulega upp frá því.

Frá næstu áramótum verður opnunartíma safnsins breytt þannig að einn dag vikunnar verður safnið lokað. Það er gert í því skyni að betra svigrúm gefist til þess að aðstoða skjalamyndara við skjalastjórnun og rétt vinnubrögð á því sviði, sem og að fara í eftirlitsheimsóknir þegar fram líða stundir.